



Munu opinberar fjárfestingar aukast verulega á þessu ári?

Töluverð aukning 2017 og 2018

Opinberar fjárfestingar jukust um 23% árið 2017 eftir að hafa nánast staðið í stað næstu tvö ár þar á undan. Fyrstu þrjú ársfjórðunga ársins 2018 jókst opinber fjárfesting um 11,4% frá sama tímabili árið áður.

Hluttur opinberra fjárfestinga af vergri landsframleiðslu (VLF) hækkaði í 3,1% 2017, úr 2,6% árið 2016. Hlutfallið hefur ekki verið hærra frá árinu 2010 þegar það var um 3,2%.

Almennt er búist við því að nokkuð dragi úr atvinnuvegafjárfestingu á næstu misserum þegar hagsveiflan hefur náð hámarki. Hagfræðideild gerir því ráð fyrir að helstu drifkraftar fjármunamyndunar í hagkerfinu á næstu árum verði íbúðafjárfesting og fjárfesting hins opinbera.


Þörf fyrir endurbætur innviða

Aukin fjárfesting í innviðum samfélagsins er eitt þeirra mála sem hafa verið efst á dagskrá í samfélaginu á síðustu árum. Samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar munu opinberar fjárfestingar aukast mikið á næstu árum og ná hámarki á árinu 2019. Meðal verkefna sem hafa verið í gangi og stefnt er að eru bygging nýs Landspítala, kaup á þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna og á nýrri Vestmannaeyjaferju, uppbygging hjúkrunarheimila og svo er áttak í samgöngumálum sífellt á dagskrá.

Sveitarfélögin sterk


Sé litið til þróunar fjárfestingar á fyrri hluta 2018 má sjá að fjárfestingar ríkissjóðs drógust saman á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins, en það er að hluta til vegna þess að fjárfestingar ríkissjóðs voru óvenju miklar á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2017. Mikill vöxtur hefur hins vegar verið í fjárfestingum sveitarfélaganna á síðustu misserum.

Opinber fjárfesting á verðlagi ársins 2017




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Opinber fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Fjárfesting hins opinbera



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra var gert ráð fyrir að opinber fjárfesting yrði 3,3% af VLF árið 2018 og fari svo hækkandi og verði orðin 3,6-3,8% á árunum 2020-2021. Hagfræðideild hefur talið líklegt að þróunin verði eitthvað hraðari, bæði vegna mikils pólitísks þrýstings á viðhald og endurnýjun innviða og þess að aukið svigrúm er að myndast til opinberra framkvæmda eftir því sem atvinnuvegafjárfesting dregst saman.

Verður um sprengingu að ræða í ár?


Útboðsþing Samtaka iðnaðarins eru jafnan haldin í upphafi árs og þar eru kynntar áformaðar fjárfestingar á vegum stærstu aðila á opinberum markaði. Á síðasta útboðsþingi í janúar komu fram upplýsingar sem benda til mikillar aukningar á opinberri fjárfestingu. Á síðustu þremur útboðsþingum þar á undan voru kynnt áform um framkvæmdir upp á 80-90 ma.kr. og meðaltal árunna þriggja var um 86 ma.kr. Á þinginu nú í janúar voru kynnt áform um 128 ma.kr. framkvæmdir í ár, sem er tæplega 50% aukning miðað við meðaltal áforma síðustu þriggja ára.

Áform og framkvæmdir fara ekki alltaf saman


Tölur Hagstofunnar um opinbera fjárfestingu eru stundum sveiflukenndar milli ársfjórðunga og stundum leiðréttar eftir á. Áform um framkvæmdir kunna einnig að breytast af ýmsum ástæðum og stundum færast verkefni á milli ára. Því er augljóslega ekki um jafnaðarmerki að ræða milli kynningar á útboðsþingi og talna um opinbera fjárfestingu fyrir sama tíma. Á árunum 2016 og 2017 voru áformin meiri en mældist síðar í opinberri fjárfestingu og 2018 verður fjárfestingin hugsanlega meiri en áformin. Áformin fyrir 2019 eru hins vegar svo mikil að líklegt er að töluvert stökk verði í opinberri fjárfestingu milli 2018 og 2019.

Í síðustu spá Hagfræðideildar var gert ráð fyrir að opinber fjárfesting ykist um 18% að raunvirði í fyrra, um 10% bæði árin 2019 og 2020 og 5% 2021. Það hefði þýtt að opinber fjárfesting færi yfir 4% af VLF á árinu 2020, en hún var að meðaltali 4,5% á árunum 1998-2008 og 3,1% af VLF á árunum 2008-2017. Ekki er ólíklegt að spá deildarinnar breytist við endurskoðun í maí 2019.

Áætlaðar fjárfestingar 2019



Áform um opinberar framkvæmdir og opinber fjárfesting



Opinber fjárfesting 2018 er spá sem byggir á þremur ársfj.
Heimild: Samtök iðnaðarins, Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.